

611. fundur haldinn þriðjudaginn 27. apríl 1999 kl. 12:00
Gimli, Læjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Einar Bollason, varamaður Jóns Kristjánssonar
Halldór Bjarnason, varamaður SAF
Finnur Þór Birgisson, varamaður Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Haukur Birgisson, markaðsstjóri
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti

Formaður bauð fulltrúa velkomna til fyrsta fundar nýs ferðamálaráðs, sem var skipað 31. mars sl. í samræmi við breytingu á lögum um skipulag ferðamála, sem samþykkt var á Alþingi 6. mars sl.

1. Afgreiðsla umsókna um styrki til umhverfismála.

Lögð fram tillaga umhverfisfulltrúa og umsögn frá Ferðamálasamtökum Austurlands.

Afgreiðsla: Tillaga umhverfisfulltrúa samþykkt með einni breytingu í samræmi við athugasemd frá Ferðamálasamtökum Austurlands. Ekki verða greiddir út styrkir fyrr en að loknum framkvæmdum og að lokinni úttekt.

2. Samningur milli Ferðamálaráðs og Háskólans á Akureyri.

Formaður skýrði innihald samningsins, sem kveður á um samstarf viðkomandi aðila í rannsóknar- og þróunarstarfi í ferðaþjónustu.

Afgreiðsla: Samþykkt

3. Samningur milli Ferðamálaráðs og RANNÍS

Samningurinn lagður fram, en hann kveður á um aukið samstarf við uppbyggingu rannsókna á sviði ferðaþjónustu á Íslandi.

Afgreiðsla: Samþykkt

4. Tillaga Fjölmíðlabikarsnefndar

Afgreiðsla: Frestað.

5. Tilnefning í stjórn Upplýsingamiðstöðvar.

Afgreiðsla: Jón Kristjánsson tilnefndur í stjórn UMF.

6. Tilboð vegna aðstöðu fyrir Ferðamálaráð Í París og Kaupmannahöfn. Utanríkisráðuneytið hefur gert Ferðamálaráði skriflegt tilboð vegna leigu á húsnæði fyrir rekstur ráðsins í sendiráði Íslands í París. Þá hefur verið komið á framfæri við Ferðamálaráð af hálfu stjórnar Jónshúss í Kaupmannahöfn vilja til að Ferðamálaráð opni skrifstofu í umræddu húsi.

Afgreiðsla: Samþykkt að ganga til viðræðna við utanríkisráðuneytið um leigu húsnæðis í París. Ekki talið tímabært að taka endanlega afstöðu til hugmyndar um Jónshúss

7. Ritun sögu ferðaþjónustunnar.

Fyrir fundinum lá samantekt Sumarliða Ísleifssonar, sem vann að undirbúningi verksins á síðasta ári og þar koma fram hans hugmyndir um framhaldið. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til verksins á þessu ári.

Afgreiðsla: Samþykkt að kanna vilja fyrirtækja í atvinnugreininni til þess að koma að fjármögnun í formi kaupa eintaka væntanlegrar útgáfu.

8. Næsta Ferðamálaráðstefna

Afgreiðsla: Samþykkt að stefna að næstu Ferðamálaráðstefnu á Egilsstöðum 7. og 8. október nk. Til umræðu verði sérstaklega rekstrarumhverfi, rannsóknir og þróun. Ferðamálastjóra falið að setja smana vinnuhóp til að vinna að undirbúningi og framkvæmd.

9. Önnur mál.

a) Pétur Rafnsson óskaði eftir því að nýr aðili yrði tilnefndur í sinn stað í stjórn Ferðamálasjóðs, þar sem hann gæti ekki sinnt verkefninu af persónulegum ástæðum.

Afgreiðsla: Samþykkt var að tilnefna Auði Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra á Húsavík sem aðalfulltrúa og Jóhann D. Jónsson ferðamálafulltrúa í Reykjanesbæ sem varafulltrúa.

b) 5 milljóna fjárveiting til Ferðamálaráðs til upplýsingamiðstöðva.

Afgreiðsla: Samþykkt að bjóða til samstarfs um rekstur upplýsingamiðstöðva á eftirfarandi stöðum enda komi heimaaðilar að viðkomandi rekstri og samkomulag náist um hlutlausa upplýsingamiðlun á landsvísu: Akureyri: kr. 2.500.000 Egilsstaðir: kr. 1.250.000 Ísafjörður: kr. 1.250.000.

c) Borist hefur svarbréf frá Reykjavíkurborg menningarborg Evrópu varðandi hugmynd um myndun hóps til að fjalla um fjármögnun og gerð kynningarefnis vegna viðburða ársins 2000. Af þeirra hálfu er Svanhildur Konráðsdóttir tilnefnd í umræddan hóp.

Afgreiðsla: Samþykkt að fulltrúi Ferðamálaráðs verði Haukur Birgisson markaðsstjóri.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 13:45